

Ábyrgðartrygging farsala og flutningsaðila

Sbr. 4. mgr. 145.gr. siglingalaga nr. 34/1985 og reglugerð um leyfi til farþegaflutninga með skipum nr. 463/1998
Skilmáli nr. A-3

Í skilmálanum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

1. gr. Hverjir eru váttryggðir?

Váttryggingartaki og launþegar í þjónustu hans eru váttryggðir.

2. gr. Bótasvið

Váttryggingin tekur til tjóns, er leiðir af bótaábyrgð váttryggðs og hlýst af því að farþegi slasast eða lætur lífið eða farangur týnist eða skemmist, meðan stendur á ferð þess skips sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og váttryggður sem farsali eða flutningsaðili ber ábyrgð á samkvæmt V. kafla siglingalaga nr. 34/1985 um flutning á farþegum og farangri og IX. kafla sömu laga um ábyrgð útgerðarmanns og takmörkun ábyrgðar. Með sömu skilyrðum er váttrygging gegn bótaskyldu sem stafar af seinkun í sambandi við flutning á farþega eða farangri. Váttryggingin gildir einnig um flutning milli skips og lands, enda sé þessi flutningur innifali í fargjaldinu eða flutningurinn fer fram með farartæki sem farsali leggur til.

3. gr. Landfræðilegt gildissvið

Váttryggingin gildir eingöngu innan íslenskrar lögsögu.

4. gr. Undanþágur frá bótaskyldu

Váttryggingin bætir ekki:

4.1 Tjón sem váttryggður tekur á sig ef ábyrgðin er viðtækari en almenn bótaábyrgð hans sem farsala eða flutningsaðila.

4.2 Sektor eða önnur viðurlög sem falla á váttryggðan.

4.3 Tjón sem verður áður en farþegi stígur á skipsfjöl og eftir þann tíma að hann er farin frá borði.

4.4 Tjón sem annar aðili en váttryggður, er annast hluta flutnings samkvæmt farmsamningi, ber ábyrgð á.

4.5 Tjón á lifandi dýrum sem flutt eru sem farangur.

4.6 Tjón eða tap á peningum, verðbréfum eða öðrum sérstökum verðmætum s.s. gulli, silfri, gimsteinum, skartgripum eða listmunum, nema farsali hafi tekið við þeim til öryggisgeymslu.

5. gr. Váttryggingarfjárhæð og eigin áhætta

5.1 Hámarks váttryggingarfjárhæð í hverju tjóni er hámark þess höfuðstólskröfu sem félagið ábyrgist. Verði fleiri en eitt tjón af sömu tjónsorsök, teljast þau vera af völdum eins váttryggingaáttburðar. Heildarábyrgð félagsins á hverju váttryggingarári takmarkast við einnig við fyrrgreinda váttryggingarfjárhæð.

5.2 Félagið greiðir vexti af bótafjárhæð og kostnað, sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um skaðabótaskyldu váttryggðs, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr váttryggingarfjárhæðinni. Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar, greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta, er svarar til váttryggingarfjárhæðarinnar.

5.3 Í hverju tjóni ber váttryggður eigin áhættu sem kemur fram á skírteini eða endurnýjunarkvittun. Eigin áhætta váttryggingartaka hefur ekki áhrif á réttarstöðu þriðja manns.

6. gr. Váttryggingartími- tímatakörk

Komi afleiðingar atviks, sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á váttryggingartímanum, ekki í ljós fyrr en váttryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið samt sem áður bætur. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón vegna atviks, sem varð, áður en váttryggingartíminn hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á váttryggingartímanum.

7. gr. Önnur váttrygging

Þegar tjón hefur orðið og í gildi er önnur váttrygging sem tekur til tjónsins, skal uppgjör bóta fara fram eftir því sem mælt er fyrir um í 37. gr. laga nr. 30/2004.

8. gr. Gildistaka – greiðsla iðgjalds - uppsagnarréttur

8.1 Váttrygging þessi tekur gildi þegar að félagið eða umboðsmaður þess hefur samþykkt váttryggingarbeiðni. Iðgjald ber að greiða þegar váttryggingin tekur gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjaldþögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send. Sé iðgjald ekki greitt innan greiðslufrests reiknast dráttarvextir á iðgjaldið.

8.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun, þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ella fellur váttryggingin og ábyrgð félagsins niður, sé iðgjald þá enn ógreitt. Váttryggingartaki skal engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttrygging var í gildi.

8.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.

8.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.

8.5 Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tiltekið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Að því loknu endurnýjast váttryggingin sjálfkrafa í eitt ár í senn, sé váttryggingunni ekki sagt upp skriflega af hálfu váttryggingartaka 30 dögum eftir að félagið sendi endurnýjunarkvittun. Váttryggingartaka er þó ekki skylt að tilkynna uppsögn fyrr en með 15 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið áskilur sér rétt til iðgjaldabreytinga og/eða skilmálabreytinga við endurnýjun váttryggingarinnar.

8.6 Séu sérstakar ástæður fyrir hendi skv. 18. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga er félaginu heimilt að segja upp váttryggingarsamning með 60 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið sendir þá frá sér tilkynningu þess efnis skv. ákvæðum sömu laga.

9. gr. Uppsagnarréttur félagsins

Félagið getur sagt upp váttryggingasamningi vegna eftirfarandi aðstæðna, nema annað sé lögboðið:

- 9.1 Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um váttryggða áhættu, sbr. 21. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004. Hafi váttryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína getur félagið sagt upp váttryggingunni sem og öðrum váttryggingasamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu án fyrirvara.
- 9.2 Með viku fyrirvara ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bættur sem hann á ekki rétt til sbr. 47. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 60/2004. Félaginu er ennfremur heimilt að segja upp öllum öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggður hefur hjá félaginu, með sama fyrirvara, þegar svo stendur á.
- 9.3 Með tveggja mánaða fyrirvara ef notkun váttryggðs skips, starfsemi váttryggðs, eða aðstæður að öðru leyti breytast á váttryggingartímabili á þann hátt að félagið hefði ekki samþykkt váttrygginguna ef slíkar upplýsingar hefðu legið fyrir við upphaf váttryggingatímabilsins.
- 9.4 Með tveggja mánaða fyrirvara, í kjölfar tjónsatviks og er félaginu jafnframt heimilt að segja upp öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu með sama fyrirvara:
 - 9.4.1 þegar tjónþungi váttryggingar er meiri en eðlilegt getur talist, t.d. 3 tjón eða fleiri á 12 mánuðum;
 - 9.4.2 ef váttryggður hefur valdið tjóni af ásetningi;
 - 9.4.3 ef váttryggður brýtur gegn varúðareglum;
 - 9.4.4 ef alvarlegur trúnaðarrestur hafi orðið milli váttryggðs og félagsins.

10. gr. Upplýsingaskylda váttryggingartaka

- 10.1 Við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings ber váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, að veita félaginu þær upplýsingar um váttryggingaráhættuna sem félagið óskar. Sömuleiðis ber váttryggingartaka, og eftir atvikum váttryggðum, að greina félaginu frá sérstökum atvikum sem hann veit eða má vita að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni.
- 10.2 Skýri váttryggingartaki sviksamlega frá eða leyni atvikum, er skipta máli um áhættu félagsins, eða gefur að öðru leyti rangar upplýsingar til félagsins, getur það haft í för með sér að bótaábyrgð félagsins takmarkast eða fellur niður skv. 20. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

11. gr. Ásetningur

Ef váttryggingarathurinn verður rakinn til ásetnings váttryggðs ber félagið ekki bótaábyrgð sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

12. gr. Varúðarreglur- áhættuaukning

- 12.1 Verði breytingar á atvikum eða upplýsingum sem félaginu hefur verið skýrt frá í váttryggingabeiðni eða á annan hátt, þar með talið á skipi eða útgerð þess, skal váttryggingartaki tilkynna félaginu um þær. Vanræki váttryggingartaki tilkynningarskyldu sína og verði tjón af völdum hinnar breyttu áhættu lækkar ábyrgð félagsins að tiltölu miðað við þá iðgjaldshækkun sem félagið hefði áskilið sér vegna áhættubreytingarinnar.
- 12.2 Váttryggingartaka og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.
- 12.3 **Varúðarregla: Stjórn skips og starfræksla þess að öðru leyti skal vera í samræmi við siglingareglur og aðrar skráðar eða óskráðar reglur varðandi aðbúnað og öryggi farþega.**
- 12.4 **Varúðarregla: Váttryggðir skulu vera í líkamlegu ástandi til þess að geta rækt störf sín örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja**

13. gr. Skyldur váttryggðs við tjónsatburð

- 13.1 Þegar það atvik, sem váttryggt er gegn, hefur gerst, eða hætta er á því að það gerist, ber váttryggðum skylda til þess að reyna afstýra eða lágmarka tjónið. Hafi váttryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast réttlætanager. Vanræksla í þessu efni getur valdið lækkun eða missi bóta skv. 28. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 13.2 Jafnskjótt og váttryggingartaki fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum ber honum að tilkynna félaginu það skriflega án tafar.
- 13.3 Váttryggður skal veita félaginu þær upplýsingar og þau gögn sem hann hefur undir höndum eða getur útvegað og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að tjónþoli fær bætur, sem hann á ekki rétt á, fellur niður allur réttur hans samkvæmt váttryggingarsamningnum.

14. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu - endurkröfuréttur

- 14.1 Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum váttryggða hefur félagið fyrirsvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.
- 14.2 Félagið er ekki bundið af því ef váttryggður viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að váttryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkenni réttmæti kröfunnar.
- 14.3 Bæti félagið tjón, sem þriðji maður ber ábyrgð á, öðlast það rétt váttryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur.

15. gr. Endurgreiðsla iðgjalds

Nýti váttryggingartaki eða félagið sér heimildir sínar, skv. þessum skilmála eða lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, til þess að slíta váttryggingarsamningunum á váttryggingartímabilinu, endurgreiðir félagið iðgjald váttryggingarinnar hlutfallslega.

16. gr. Samsömunum

Félaginu er heimilt að bera fyrir sig að starfsmenn váttryggingartaka hafi brotið gegn ákvæðum váttryggingarinnar skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

17. gr. Fyrning

Um fyrningu krafna sem falla undir váttryggingu þessa, fer eftir XII. kafla siglingalaga nr. 34/1985

18. gr. Lög um váttryggingarsamninga

Að öðru leyti, en því sem kveðið er á um í þessum skilmála, gilda um váttryggingarsamning þennan lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Verði ágreiningur um váttrygginguna, skal íslenskur dómstóll skera úr honum eftir íslenskum lögum.

19. gr. Heimili – Varnarþing – Ágreiningur

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Ágreiningi um bótaskyldu má skjóta til Tjónanefndar váttryggingafélaganna eða Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndir þessar og starfsháttu má fá hjá félaginu. Mál sem kunna að rísa vegna þessa váttryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmáli þessi gildir frá 01.01.2010